



# Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2009



**Sigurður Skúlason**

## 1. VEÐURFAR ÁRSINS

### 1.1. Tíðarfarsyfirlit

**Í janúar** voru austlægar áttir og hægviðri tíðust. Hámarkshiti mældist 8,8 stig, 7. janúar. Lágmarkshiti mældist -13,1 stig 13. janúar. Meðalhiti var -1,3 stig. Mesta snjódýpt var 39 cm, 23. janúar. Úrkoma var 132 mm, mest 18,9 mm, 23. janúar. Meðalvindhraði var 2,5 m/sek.

**Í febrúar** bar mest á suðaustlægum áttum og hægviðri. Hámarkshiti mældist 8,4 stig, 17. febrúar. Lágmarkshiti mældist -16,8 stig, 7. febrúar. Meðalhiti var -5,2 stig. Mesta snjódýpt var 36 cm, 1. og 2. febrúar. Úrkoma var 36,5 mm, mest 12,0 mm, 21. febrúar. Meðalvindhraði var 2,0 m/sek. 4 áltir saúst á flugi 18. febrúar.

**Í mars** voru breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 10,6 stig, 19. mars. Lágmarkshiti mældist -17,6 stig, 28. mars, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti var -2,0 stig. Mesta snjódýpt var 68 cm, 14. mars. Úrkoma var 110,7 mm, mest 20,2 mm 30. mars. Meðalvindhraði var 3,8 m/sek. 2 snjóflóð féllu í Fnjóskadal í mars, 11. mars á milli Veisu og Veisusels og 14. mars milli Veisusels og Hallgilsstaða.

**Í apríl** voru breytilegar áttir, sunnanátt og hægviðri. Hámarkshiti var 12,6 stig, 29. apríl. Lágmarkshiti var -6,6 stig, 12. apríl. Meðalhiti var 2,3 stig. Mesta snjódýpt var 70 cm, 1. apríl. Úrkoma var 62,4 mm, mest 23,7 mm 9. apríl. Meðalvindhraði var 2,6 m/sek. Skógarpröstur kominn 5. apríl, gæsir 9. apríl, hrossagaukur 16. apríl og lóan 21. apríl.

**Í maí** voru sunnan- og norðaustanáttir algengastar. Hámarkshiti var 17,2 stig, 14. maí. Lágmarkshiti var -1,3 stig, 22. maí. Meðalhiti var 6,1 stig. Mesta snjódýpt var 27 cm, 9. maí. Úrkoma var 71,0 mm, mest 23,7 mm, 9. maí. Meðalvindhraði var 4,0 m/sek. Maríuerlan komin 4. maí, spóinn 9. maí og krían 13. maí. Tún í Fnjóskadal algræn 31. maí.

**Í júní** voru norðlægar áttir og hægviðri algengust. Hámarkshiti var 21,7 stig, 29. og 30. júní. Lágmarkshiti var -1,8 stig, 20. júní. Meðalhiti var 9,4 stig. Úrkoma var 23,0 mm, mest 10,7 mm 15. júní. Meðalvindhraði var 2,4 m/sek.

**Í júlí** bar mest á norðaustanátt og hægviðri. Hámarkshiti var 24,6 stig, 1. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var 0,7 stig, 25. og 26. júlí. Meðalhiti var 10,2 stig. Úrkoma mældist 30,2 mm, mest 11,8 mm, 28. júlí. Meðalvindhraði var 2,0 m/sek. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 1. júlí.

**Í ágúst** voru norðanáttir algengar ásamt hægviðri. Hámarkshiti var 19,6 stig, 7. ágúst. Lágmarkshiti var -1,1 stig, 22. ágúst. Meðalhiti var 9,0 stig. Úrkoma var 59,4 mm, mest 9,5 mm, 5. ágúst. Meðalvindhraði var 2,5 m/sek. Gránaði í fjöll 21. ágúst.

**Í september** voru breytilegar áttir og hægviðri. Hámarkshiti var 18,9 stig, 13. september. Lágmarkshiti var -6,3 stig, 28. september. Meðalhiti var 6,0 stig. Snjór mældist á jörðu í 5 daga í september, mest 3 mm. Úrkoma var 61,8 mm, mest 16,3 mm 25. september. Meðalvindhraði var 2,7 m/sek. Gránaði í fjöll 2. og 22. september. Úthagi farinn að sölna 5. september.

**Í október** bar mest á suðaustanáttum og hægviðri. Hámarkshiti var 15,2 stig, 14. október. Lágmarkshiti var -9,8 stig, 4. október. Meðalhiti var 1,3 stig. Snjór mældist í 20 daga í október, mest 21 cm, 3. 4. og 5. október. Úrkoma var 66,3 mm, mest 16,9 mm, 3. október. Meðalvindhraði var 3,3 m/sek í október.


**Í nóvember** var hægviðri og logn algengast en nokkuð bar á norðaustanátt. Hámarkshiti var 8,4 stig, 9. nóvember. Lágmarkshiti var -10,5 stig, 29. nóvember. Meðalhiti var -0,5 stig. Mesta snjódýpt var 32 cm, 27. nóvember. Úrkoma var 109,4 mm, mest 12,5 mm 29. nóvember. Meðalvindhraði var 1,7 m/sek. Snjóflóð féllu í giljum í Þórðarstaðaskógi 26. nóvember.

**Í desember** bar mest á norðaustan- og suðaustan áttum. Hámarkshiti var 9,7 stig, 12. desember. Lágmarkshiti var -14,8 stig, 28. og 30. desember. Meðalhiti var -2,3 stig. Mesta snjódýpt var 69 cm, 28. desember. Úrkoma var 159,6 mm, mest 20,2 mm 25. desember. Meðalvindhraði var 2,5 m/sek í desember.


## 1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2009

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.
Janúar	-1,3	( -3,5)	132,0 ( 63,9)
Febrúar	-5,2	( -2,1)	36,5 ( 78,0)
Mars	-2,0	( -3,4)	110,7 (124,2)
Apríl	-2,3	( -0,5)	62,4 ( 36,8)
Maí	6,1	( 7,2)	71,0 ( 39,9)
Júní	9,4	( 8,3)	23,0 ( 32,5)
Júlí	10,2	( 11,8)	30,2 ( 46,3)
Ágúst	9,0	( 9,5)	59,4 ( 41,6)
Sept.	6,0	( 7,8)	61,8 ( 59,3)
Okt.	1,3	( -0,6)	66,3 (165,0)
Nóv.	-0,5	( -0,7)	109,4 ( 92,7)
Des.	-2,3	( -2,3)	159,6 (41,2)
	<b>2,37</b>	<b>( 2,63)</b>	<b>922,3 (821,4)</b>

## Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2008



■ Meðalhiti



## 1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 8,65 stig, en var 9,35 stig sömu mánuði 2008.

## 1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

10/5	-1,7	23/5	-0,1	20/6	-2,8
14/5	-0,5	26/5	-2,3	26/7	-0,3
15/5	-0,9	28/5	-1,6	22/8	-1,7
16/5	-0,6	3/6	-0,7	5/9	-1,6
20/5	-2,2	5/6	-0,6	6/9	-0,7
21/5	-1,8	14/6	-1,3	20/9	-1,9
22/5	-2,8				

## 1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

21/6	20,7	2/7	20,2
29/6	21,7	9/7	20,0
30/6	21,7	11/7	20,5
1/7	24,6		

## **2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.**

### **2.1. Laufgun og lauffall**

Brum á lerki farið að grænka 12. maí og komið með grænan lit 15. maí. Birki farið að grænka 16. maí og komið með græna sliktu 18. maí. Lerki algrænt 27. maí og birki allaufgað 31. maí.

Birki farið að sölna 7. ágúst og töluverð sölnun og lauffall 29. ágúst. Lerki farið að sölna 16. september og mikið lauffall á birki 17. september.

### **2.2. Vöxtur**

Vöxtur var mjög góður á öllum trjágróðri þetta ár.

### **2.3. Fræfall**

Fræfall á birki var frekar lítið og engu safnað. Könglar voru á greni og furu en engu safnað. Í fræhúsi voru trén ennþá ung en svolítið kom af birkifræi en spírun var mjög léleg. Á lerki var svolítið af könglum en líklega er einnig lítil spírun á því fræi.

#### **Úr skógi:**

Engu safnað

#### **Úr fræhúsi:**

Ilmbjörk      1,128 gr

### **2.4. Skaðar**

Engir sérstakir skaðar voru á trjágróðri á þessu ári. Maðkur var sumstaðar t.d. í Ásbyrgi og á nokkrum stöðum á Norðurlandi vestra en var ekki áberandi í Vaglaskógi og Fnjóskadal.

### **3. STARFSFÓLK**

Starfsfólk var svipað og síðasta ár, Guðni Þorsteinn Arnþórsson var verkstjóri og aðstoðarskógarvörður, Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofu, áætlanagerð, vann við erfðaeefni og tók við umsjón með frælager ásamt því að vera gjaldkeri stofnunarinnar, Sigurpáll Jónsson var í veikindaleyfi til 1. júní þegar hann lét af störfum, Guðrún Jónsdóttir vann við frærækt, erfðaeefni, viðarvinnslu, veðurtöku og sá um afgreiðslu plantna fyrir Norðurlandsskóga, Teitur Davíðsson og Kristján Stefánsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu og fl. Þrír sumarstarfsmenn voru þetta ár, Jóhannes Kristjánsson, Anton Guðmundsson og Svavar Tandri Þorsteinsson, sem unnu við skógarhögg, umhirðu, viðarvinnslu og fl. Jóhannes vann einnig í lok ársins við skógarhögg. Kristján Jónsson var í íhlaupastörfum eins og síðasta ár.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 28,807,514, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 8,776,476, ASÍ laun kr. 18,954,210, dagpeningar kr. 673,596, akstur kr. 403,232.

### **4. GIRÐINGAR**

#### **4.1. Viðhald**

Viðhald girðinga var svipað og síðustu ár, frekar lítið.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 504,289, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 195,572, alls 106 vinnustundir. Verktakar kr. 308,717.

Kostnaður við smölun var kr. 136,222. Laun og launatengd gjöld kr. 4,821, alls 3 vinnustundir. Verktakar kr. 131,401.

#### **4.2. Nýgirðingar**

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.

## 5. SKÓGARHÖGG



Viðarstaflí í Þórðarstaðaskógi

### 5.1. Viður

Unnið var við skógarhögg og grisjun í Vaglaskógi og Þórðarstaðaskógi.

Í **Vaglaskógi** var grisjað birki með aðalvegi í skóginum og tekinn skermur í reit 89, 0,61 ha. Grisjuð var stafafura í reitum 240, 243, 244 og tekið lerki í platta í reitum 247 og 487,

Í **Þórðarstaðaskógi** var kjarrsagað í reitum 4, 19 og 20 og skermur síðan grisjaður, alls 4 ha. Fura var grisjuð í reit 14, 0,27 ha og 36 m<sup>3</sup>. Boðin var út grisjun á stafafuru í reitum 10 og 83. Verktaki var Skógráð ehf á Egilsstöðum. Samtals eru þessir reitir 2,21 ha og kom u.þ.b. 290 m<sup>3</sup> af viði úr þeim.

#### Felldur viður:

Birki	ca	91 tonn
Fura	ca	374 tonn
Lerki	ca	3 tonn

#### 5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á þessu ári.

### 5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir birki ca 20 kg	1,899	pk
Arinviður stórir barr ca 20 kg	3,186	pk
Arinviður litlir barr ca 10 kg	215	pk
Arinv/eldiviður sagaður klofinn barr	1	m3
Arinv/eldiviður sag klofinn birki	4	m3
Eldiviður afsag	5	m3
Arinviður/eldiviður alls í tonnum (þurrt) ca	107,45	tonn
Bolviður birki	1,71	m3
Bolviður lerki	1,06	m3
Borð og plankar birki	0,01	m3
Borð og plankar lerki	0,58	m3
Reykingaviður	2,180	kg
Birkikurl/flís	2,700	kg
Plattar	1,112	stk
Beðkurl .	18	m3

### 5.1.3. Birgðir í árslok

Lerki óunnið ca 50 tonn	Arinviður stórir birki	32	pk
Fura óunnin ca 208 tonn	Arinviður litlir barr	29	pk
Birki óunnið ca 3,2 tonn	Plattar óheflað	525	stk
Smíðaviður fura 132 m	Plattar heflað	2,773	stk
Smíðaviður birki 264 m	Birkikurl/flís	750	kg
Smíðaviður lerki 154 m	Beðkurl	1,4	m3
Staurar 6 fet 563 stk	Birki sagað í grindum	6	m3
Staurar 5 fet 90 stk	Fura sagað í grindum	7	m3
Arinviður stórir barr 380 pk			

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 8,056 og laun og launatengd gjöld kr. 13,794,481, þar af kjarasamningargjöld s.s. orlof, veikindi og aðrar samningsbundnar kjarabætur kr. 3,820,772, alls 2,343 vinnustundir. Unnið var við grisjun af verktökum fyrir kr. 2,901,141.



## 5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 9. nóvember, stafafuru í Skuggabjargarskógi. Síðan var haldið áfram að fella fram undir jól. Mest var höggið rauðgreni í Þórðarstaðaskógi og stafafura í Skuggabjargarskógi. Felld voru 214 tré og seld 174, önnur fóru til starfsmanna og í úrkast

	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallap	Samtals
Vaglaskógur	13		5	4	22
Skuggabjörg		71			71
Þórðarstaðaskóur	120		1		121
	<b>133</b>	<b>71</b>	<b>6</b>	<b>4</b>	<b>214</b>

### Seld tré

Stærð	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallap	Samtals
070-100	6				6
101-125	18	10		1	29
126-150	45	15			60
151-175	29	20			49
176-200	13	6			19
201-250	4	2			6
251-300					
301-400	1			1	2
401-500	2				2
501-600	1				1
	<b>119</b>	<b>53</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>174</b>

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 481,113, alls 247 vinnustundir, þar af kr. 51,115, alls 28 vinnustundir í kjarasamninga.

### Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	523569		523569
Greinar	21800		21800
	<b>Samtals</b>	<b>545369</b>	<b>545369</b>

## **6. GRÓÐRARSTÖÐ**

### **6.1. Fræplöntur**

Engu var sáð 2009

### **6.2. Dreifsetning**

Engum græðlingum var stungið 2009

### **6.3. Garðplöntur**

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 5,835, alls 9 plöntur. 204 sumargræðlingum var stungið til eigin nota.

### **6.4. Afhending skógplantna**

Skógarplöntur voru seldar fyrir kr. 12,640, alls 160 plöntur.

### **6.5. Illgresiseyðing**

Illgresiseyðing var svipuð í gróðrarstöð og umhverfi hennar og síðustu ár. Mikið illgresi kemur upp í runnasafni og er mikil vinna við að halda því niðri. Skógarkerfill er í mikilli sókn í Vaglaskógi, sérstaklega í túnum og við gömlu fjárhúsin á Vöglum 1 og á um ca. 1 ha. í birkiskógi sunnan við gömlu beitarhúsin. Sprautað var eitri á kerfilinn í beitarhúsatóftunum og í trjásafni eins og síðustu ár.

## 6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru á þessu ári

## 6.8. Kostnaður

	Kr	Tímar
Frætísla	30.310	13
Orlof	19.529	11
Ræktunarbúnaður	54.784	30
Umhirða	24.134	12
Vetrarumbúnaður	27.014	13
Viðhald	12.186	3
Sérstakir frídagar	32.491	18
Pottun	12.898	9
Vökvun	38.985	20
Klipping græðlinga	11.899	8
Rótargreining	66.304	39
<b>Alls</b>	<b>330.534</b>	<b>176</b>

## 7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Hálsmelar	Reyniviður		Pottar		60	587
	Stafafura		óvisst		193	554,598,594
					<b>253</b>	
Þórðarstaðaskógar	Reyniviður		Pottar		<b>216</b>	208

## 8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Umhirða gönguleiða	Grundarreitur	28,556	16 tímar
Viðhald gönguleiða	Grundarreitur	27,562	16 tímar
“	Vaglaskógur	44,482	29 tímar
“	Vaglir Þelamörk	20,009	12 tímar
Kjarrsögun	Vaglaskógur	8,882	6 tímar
“	Þórðarstaðaskógur	592,953	317 tímar



Úr Þórðarstaðaskógi

## 9. BYGGINGAR

Unnið var við að tengja hitablásara og leggja dreifikerfi í fræhús í byrjun árs. Lagfærður var hurðarbúnaður á skemmu að norðan. Annars var aðeins lagfært það sem aflaga fór og viðhald í algjöru lágmarki. Komið er að töluverðu viðhaldi á húseignum vegna lítils viðhalds síðustu ár.

## 10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Keypt var ný kerra UN V89 og notað sexhjól TX 285. Eldri kerra RL 019 var seld. Annað var venjulegt viðhald. Framlengd var rekstrarleiga á bifreiðinni DE 563.

## 12. ÝMISLEGT

### 12.1. Fundir og ferðalög

14/1	Stjórnarfundur NLS
14/2	Fundur í Ásbyrgi vegna verndaráætlunar þjóðgarðsins
7/4	Stjórnarfundur NLS
16/4-17/4	Ráðstefna í Reykjavík
4/5	Skógarvarðarfundur á Hallormsstað
22/5	Fundur á Akureyri með nefnd landbúnaðarráðherra vegna skógræktarverkefna
26/5	Fór í Ásbyrgi á fund með þjóðgarðsverði
3/6	Var við útför Snorra Sigurðssonar í Kópavogi
8/6	Fór í Reykjarhól í Skagafirði með Rúnari Ísleifssyni, fundur með Helgu Gunnlaugsdóttur, garðyrkjustjóra í Skagafirði
10/6	Samráðsfundur á Akureyri með fulltrúum frá Umhverfissráðuneyti
13/6	Fór á Aðalfund Skf. S-Þingeyinga í Heiðarbæ í Reykjarhverfi
25/6	Fór í Skagafjörð og var viðstaddur gróðursetningu milljónustu plöntu NLS á Silfrastöðum
30/6	Fór í Ásbyrgi vegna frágangs í lerkireit og kurlunar á við í stíga
22/7	Fór í Reykjarhól og fór í fræðslugöngu um svæðið með félögum í skógarbændafélaginu á Norðurlandi
21/8-28/8	Noregsferð. Farið var um Nord Trøndelag og Nordland. Nánar má sjá ferðasöguna í ársriti SR.
18/9	Fór með fréttamanni sjónvarps í Þórðarstaðaskóg vegna fréttar um grisjun
22/9	Fundur þjóðskógarsviðs á Hallormsstað
9/11	Fór með fréttamanni sjónvarps í Skuggabjargarskóg vegna fréttar um jólatré.

### 12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í góðu meðallagi þetta sumar. Veður var ekkert sérstakt seinni hluta sumars og kom það niður á aðsókn.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 13,902, sem skiptust þannig: Í júní 3,572. Í júlí 6,146. Í ágúst 4,184.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 1,400,250.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 96,280, alls 53 vinnustundir.

Annar kostnaður var kr. 105,624 s.s. tónþökur, áburður ofl.



**Opinn dagur í Vaglaskógi**

#### **12.4. Annað**

Rúnar Ísleifsson, skógræktarráðunautur, vann áfram við umhirðu og nýtingaráætlanir í skóglendum á Norðurlandi.

Opinn dagur var í Vaglaskógi 18. júlí í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að stofnunin hóf starfsemi sína í Vaglaskógi og fyrsti skógarvörðurinn var settur.

Móttaka var í Vaglaskógi 19. september fyrir fulltrúa á Landsfundi skógarbænda sem haldinn var í Stórutjarnarskóla 18.-20. september.

Námskeið á vegum Grænni skóga voru haldin í Vaglaskógi, tálgunarnámskeið 27.-28. mars og sagarnámskeið 10.-12. september.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

Vöglum febrúar 2010

Sigurður Skúlason, skógarvörður